



Félag áhugamanna um Bátasafn
Breiðafjarðar á Reykhólum

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 12-14
150 Reykjavík

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Bátasafn Breiðafjarðar (Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum) fagnar fram kominni tillögu.

Frá því lög um menningarminjar, nr. 80/2012, voru sett hefur fjárhagslegur stuðningur við varðveislu og verndun skipa og báta verið um 2 milljónir á ári en á sama tíma hefur Húsafirðunarsjóður úthlutað um 200 milljónum árlega til viðhalds húsa og kirkna. Hér þarf að gera betur hvað báta- og skipavernd varðar.

Við teljum að stofnun sérstaks Batafirðunarsjóðs geti orðið til þess að koma þessum málum í viðunandi horf. Horfa má til þess hafa að fyrirmynd við stofnun slíks sjóðs, fyrirkomulag og uppbyggingu Húsafirðunarsjóðs og Minjaverndunar ehf. sem sameiginlega hafa lyft grettistaki á sviði húsaverndunar. Einnig eru frændur okkar á norðurlöndum með öflugt starf á þessu sviði og þangað má sækja fyrirmyndir. Einnig viljum við ítreka að mikilvægt er að gæta þess að gert sé ráð fyrir fjármagni í að styrkja og efla kennslu í báta- og skipasmíði.

Um Bátasafn Breiðafjarðar.

Félag var stofnað 31. ágúst 2006. Markmið félagsins eru:

- Safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu báta, bátasmíða og siglinga við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að nýsmíði súðbyrðinga, veita þekkingu í því fagi eftir fongum og, efla siglingakunnáttu og halda til haga vitneskju um gamlar siglingaleiðir á Breiðafirði.

Sumarið 2011 hófst samstarf félagsins við Reykhólahrepp og æðarræktarfélagsins Æðarvéa, um rekstur sýningar sem fékk heitið **Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum**. Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynnst æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirsku laginu.

Félagið hefur staðið fyrir **Bátadögum** fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan tveggja ára er þeir féllu niður vegna veðurs. Bátadagarnir hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum. Bátadagarnir hafa því stuðlað að einskonar “vakningu” í varðveislu súðbyrtra báta. Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið.

Félagið hefur frá 2010 boði upp á **námskeið** í smíði súðbyrtra trébáta. Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við Iðu fræðslusetur. Námskeiðin hafa verið haldin vor og haust og hefur þátttaka verið sæmileg og stundum góð. Námskeið hafa einnig verið haldin á Siglufirði og Akureyri í samvinnu við sjóminjasöfn þar. Í tengslum við námskeiðin hefur félagið gefið út kennslubók með leiðbeiningum um smíði súðbyrðings.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna hér; <http://batasmidi.is/>

Kópavogi, 11. mars 2020

F.h. Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar

Hafliði Aðalsteinsson, formaður

haflidia@centrum.is



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2020

Erindi: Umsögn um tillögu að þingsályktun um viðhald og varðveislu skipa og báta – 308. mál 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur fagnar *tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Í tillögunni er mælt með að:

- a. *Stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta.*

Í greinargerð er skilmerkilega fjallað um hvernig Alþingi hefur allt frá árinu 2000 reynt að koma varðveislu gamalla báta og skipa í örugga höfn án árangurs þrátt fyrir mikinn stuðning þingheims við það. Nú er sannarlega tímabært að bæta þar úr skák. Þess má geta að fornminjasjóður hefur nú „heimild“ skv. lögum um menningarminjar til að veita styrki til viðhalds skipa og báta. (Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 42. grein). Eiginlegt hlutverk sjóðsins er hins vegar að varðveita fornminjar og styrkja fornleifarannsóknir og þangað hafa nær allir fjármunir sjóðsins farið síðan lögin tóku gildi. Reynslan af núverandi lögum sýnir því að nauðsynlegt er að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sambærilegan húsafriðunarsjóði.

- b. *Sjóðurinn njóti árlega framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.*

Eðlilegt er að ríkissjóður styrki varðveislu eldri báta og skipa eins og annarra atvinnu- og menningarminja í landinu. Sömuleiðis er eðlilegt að starfsgreinar sjávarútvegsins





sinni sögu sinni og taki þátt í verkefninu, til dæmis til hálfis á móti ríkissjóði, alveg sérstaklega þegar vel árar.

- c. *Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára í senn og reglur um úthlutanir til verkefna, varðveislugildi o.fl. komi fram í samþykktum sjóðsins.*

Hér er um að ræða gagnlega tillögu sem vert er að útfæra á sem skýrastan hátt.

- d. „Forsætisráðherra flytji Alþingi tíðindi af framgangi ályktunarinnar fyrir þinglok vorið 2020.“

Hér er áréttað að málið þoli ekki frekari bið, varðveisla eldri báta sé í ólestri og hafi verið lengi, og er tekið undir það heils hugar hér. Fjöldinn allur af bátum víðs vegar um landið liggur undir skemmdum.

Í sambandi við þessa tillögu er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbátaskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk þeirra um 190 báta sem eru í fornbátaskránni er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við hana. Hér er lagt til að sem fyrst sé gerð skrá yfir þá.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbátaskránni verði unnar flokkaðar skrár til frekari hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðaeefni (tré, járn) og fleiri skrár.





Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbátaskrárinni og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Virðingarfyllt,



Guðbrandur Benediktsson

Safnstjóri



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2020

Umsögn fornminjanefndar um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, þingskjal 349 – 308. mál

Í tillögunni er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður, fjármagnaður á fjárlögum, sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Fornminjanefnd fagnar þessari tillögu og styður hana eindregið, enda yrði veruleg framför af stofnun sjóðsins. Eins og málum er nú háttað er fornminjasjóður eini opinberi sjóðurinn sem styður við þetta mikilvæga málefni, en auk þess hefur hann það hlutverk samkvæmt lögum að styrkja rannsóknir á fornminjum, skráningu þeirra og varðveislu, auk miðlunar upplýsinga um þær. Því fer fjarri að sjóðurinn hafi bolmagn til að sinna þessum margbreytilegu verkefnum eins og vera ber, sem sést best af því að fyrir síðustu úthlutun bárust sjóðnum 60 umsóknir, upp á 150 milljónir króna, en sjóðurinn hafði aðeins rúmlega 40 milljónir til úthlutunar. Af þeim 49 umsóknum sem töldust styrkhæfar fengu 16 styrk, og þar af var einungis ein til varðveislu báta. Því er ljóst að ef Íslendingar ætla að sinna þessum hluta menningararfs þjóðarinnar sómasamlega er nauðsynlegt að veita meira fé til varðveislu hans og skráningar.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Hálfðanarson
formaður fornminjanefndar

Hollvinasamtök varðskipsins Óðins taka jákvætt undir þessi bæði mál og fagna þeim hugmyndum sem að baki þeim liggja. Hinsvegar er nokkur vandi sem fylgir þessu máli um ákvarðanatöku hvaða báta og skip skuli vernda og kemur þá oftár en ekki til huglægt mat og tengingar við liðna tíð. Það er ekki óeðlilegt að fyrst um sinn sé miðað við að smíðaár báta og skipa sé fyrir árið 1950, einhver takmörkun verður að vera vegna aðgengis að þessum sjóði á meðan sjóðstjórn áttar sig á umfangi málsins. Sögulegar forsendur skips og báta geta þó nokkuð um ráðið um verndun skipa og verða að vera sérstök ákvæði gildandi fyrir sjóðstjórn þar sem brugðið er frá smíðári og nefni ég hér t.d. varðskipið Óðinn og dráttarbatinn Magna.

Smíðaár dráttarbátsins Magna er 1953 til 1955 og er fyrsta stálskipasmíði Íslendinga og er þessvegna m.a. eðlilegt að varðveita.

Varðskipið Óðinn er smíðaður á áunum 1958 til 1960, þjónusta skipsins við hina smáu og dreifðu byggð, fólkið á landsbyggðinni sem býr við ólíklegustu aðstæður, og aðkoma skipsins að vörslu fiskveiðilandhelginnar við útfærslu í 12, 50, og 200 sjómílu tengist svo mjög íslensku þjóðlífi. Einnig þeim sem í eldlínunni stóðu og vörðust þ.e. starfsmönnum Landhelgisgæslunnar til sjós og lands, embættismönnum og stjórnámálamönnum.

Fh. Stjórnar Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins

Guðmundur Hallvarðsson

Áður hef ég tjáð mig um þingskjali 306 – 277. mál sem mér finnst yfirborðslegra og ekki eins ítarlega rökstutt og þingskjal sem hér til umfjöllunar. Mig langar að ítreka ég tel skynsamlegt að flutningsmenn tillagnanna sameinist og sjóði saman eina tillögu til að koma þessu brýna máli í gegnum þingið til að forða frekara tjóni en orðið hefur í gegnum árin.

Mér finnst mega leggja meiri þunga á að hér sé um varðveislu á þjóðararfi að ræða og það beri að umgangast verkefnið sem slíkt. Núverandi ástand er með öllu óviðunandi og nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina þann ramma sem unnið er útfrá í dag. Menningarlegt mikilvægi verk- og alþýðumenningar er léttvægt í því lagaumhverfi sem minjavarslan vinnur eftir. Þessi veruleiki skerðir allan fjárhagslegan stuðning til verkefna og verða til þess að þjóðargersemar grotna niður í höndunum á okkur. Hægt er að benda fjölmörg dæmi þessu til stuðnings.

Undir málsgreininni um Byggðasafn Vestfjarða vil ég, þar sem málið er mér skylt, láta þess getið að:

Í Neðstakaupstað á Ísafirði stendur elsta húsaþyrping landsins. Þetta eru fjögur hús sem öll voru byggð af dönskum einokunarkaupmönnum á 18. öld. Í yngsta húsinu, Í Turnhúsi, hefur Byggðasafn Vestfjarða sett upp sýningu á sjóminjum þar sem sjá má fjölda gripa sem tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu frá öndverðu til okkar daga.

Byggðasafn Vestfjarða hefur um árábil unnið markvisst að viðgerð báta sem eru í eigu safnsins. Þeir eru í dag ellefu talsins og er lögð áhersla á að varðveita þá á sjó ef hægt er að koma því við. Af þessum bátum eru fimm nú í haffæru standi. Safnið hefur markað sér nokkra sérstöðu með þeirri vinnu og hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2008 fyrir þá viðleitni. Með þessari vinnu við viðhald og endurbætur bátaflotans hefur jafnframt varðveist og þroskast töluverð verkunnátta sem er mikilvægur þáttur í að varðveita þá verkmenningu, sem snýr að íslenskum skipasmíðum fyrr á tímum.

Byggðasafn Vestfjarða og Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti sameinuðust um að standa að varðveislu á björgunarskútunni Maríu Júlíu árið 2003 og stofnuðu til þess áhugamannafélag. Saga Maríu Júlíu er táknmynd fyrir þá arfleið sem hér er til umfjöllunar, björgun, rannsóknir og gæsla auðlindarinnar.

Að endingu langar mig að þakka ykkur sem flytjið málið fyrir þessa tillögu. Ég vona innilega að svo brýnt mál sem þetta er fái brautargengi. Þessi arfur okkar hefur svo lengi verið afskiptalaus og úthýst að skömm er af fyrir þjóð sem byggir afkomu sína á þessari þekkingu - sennilega ekki síst nú þegar utanaðkomandi óáran herjar á okkur.

Virðingarfyllt,

Ísafirði, 15. mars 2020

Jón Sigurpálsson

Skógarbraut 1

Sími: 896 3291



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Nefndasvið Alþingis
Kormákur Axelsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2020
Tilv.: MMR20030026/0.4.3-

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál -
Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál. Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fagnar þingsályktunartillögunni, enda er mikilvægt að stuðla að varðveislu menningararfs þjóðarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast skip og bátar frá því fyrir 1950 til forngripa og eru friðaðir. Í 42. gr. sömu laga segir að fornminjasjóði sé ekki einungis heimilt að veita styrki til friðaðra skipa og báta, heldur sé einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra skipa, báta og samgöngutækja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi vegna menningarsögulegs, vísindalegs eða listræns gildis.


Þrátt fyrir að fornminjasjóði hafi verið ætlað m.a. að styrkja viðhald skipa, báta og annarra samgöngutækja, hefur sjóðurinn ekki haft burði til að standa mynduglega undir því. Hlutverk fornminjasjóðs er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum í landinu. Fornleifarannsóknir, s.s. uppgröftur fornleifa, eru í eðli sínu ólíkar viðhaldi og viðgerð á skipum og bátum, en báðar eru þó kostnaðarfrekar framkvæmdir. Komi til þess að bátar og skip verði færð undan fornminjasjóði, þarf að gæta þess að fornminjasjóður beri ekki skarðan hlut frá borði og veikist fyrir vikið, enda er hann eini styrktarsjóður fornleifarannsókna í landinu.

Í stað þess að stofna nýjan sjóð væri nærtækara að efla fornminjasjóð, sem lögum samkvæmt á að sinna því hlutverki að styrkja viðhald skipa, báta og annarra samgöngutækja, auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.

Að öðru leyti mun afstaða ráðherra koma fram í umræðum á Alþingi um þingsályktunartillögu þá sem hér um ræðir.

Fyrir hönd ráðherra


Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir


Rúnar Leifsson



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2020
MÍ202003-0039/0.01/ A.S.

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Tillaga til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta. Þingskjal 349 - 308. mál.

Óskað hefur verið umsagnar Minjastofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um viðhald og varðveislu gamalla báta, þingskjal 349 – 308. mál.

Minjastofnun Íslands fagnar þingsályktunartillögunni sem felur í sér að stofna sjóð sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Reyndar telur Minjastofnun eðlilegt að fyrirhugaður sjóður styrki viðhald og varðveislu samgöngutækja, þ.m.t. bifreiðar og landbúnaðartæki. Heimilt er að leita styrkja vegna samgöngutækja í fornminjasjóð sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, 42. gr. en sjóðurinn hefur enga burði til að styrkja slíkar minjar

Fornminjasjóður hefur verið við líði frá 2001. Hann hefur aldrei fengið þann stuðning sem eðlilegt mætti telja. Sjóðurinn er að fá að meðaltali um 45 milljónir á ári sem nægir engan veginn til að sinna því hlutverki sem honum er ætlað skv. lögum, svo sómi er af.

Minjastofnun telur eðlilegt að bátar, skip og samgöngutæki verði tekin undan fornminjasjóði og sett í sér sjóð á sama tíma og fornminjasjóður verður efldur verulega.

Virðingarfyllst,
f.h. forstöðumanns,

Agnes Stefánsdóttir
Sviðsstjóri

Afrit sent: Mennta- og menningarmálaráðuneyti



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020
Tilv: 200317alþ308

Umsögn safnaráðs vegna 308. máls, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, tillaga til þingsályktunar um um viðhald og varðveislu gamalla báta ([sjá https://www.althingi.is/altext/150/s/0349.html](https://www.althingi.is/altext/150/s/0349.html)).

Safnaráð tekur undir að það er mikilvægt verkefni að styrkja varðveislu þess menningararfs sem fellur undir gamla báta. Augljóst er að það vantar frekara fjármagn til þessa mála, enda eru verkefni tengd viðhaldi og varðveislu gamalla báta að jafnaði fjárfrek og í flestum tilfellum eru minjar af þessari tegund forgengilegar auk þess sem þekking á verkhátum er vandfundin og fer einnig hverfandi. Góð og mikil skýrsla kom út í janúar 2020 á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna um þetta málefni, sjá fornbátaskrá (sjá: <http://batasmidi.is/files/>).

Sá vandi hefur verið í því styrkumhverfi sem við búum við nú varðandi viðhald og varðveislu báta (og einnig gamalla skipa), að styrkhæfi einstakra gamalla báta og skipa hefur fallið milli skips og bryggju. Skip og bátar sem eru skráðir safngripir eru styrkhæfir úr safnasjóði, aðrir bátar og skip ættu strangt til tekið að vera styrkhæfir úr sjóðum sem eru á forræði Minjastofnunar, fornminjasjóði (eða jafnvel húsafriðunarsjóði). Því þekkjast þau tilfelli að sum varðveisluverkefni hafa hvorki fengið brautargengi úr safnasjóði né öðrum sjóðum á vegum ríkisins. Því gæti verið góð lausn að stofnaður yrði sérstakur sjóður sem hefði það hlutverk að styrkja viðhalds- og varðveisluverkefni vegna gamalla skipa og báta og eðlilegt væri þá að sá sjóður yrði rekinn með sama fyrirkomulagi og t.d. húsafriðunarsjóður og fornminjasjóður, sem eru undir forræði Minjastofnunar. Skýrt yrði þó að vera að allir gamlir bátar og skip yrðu styrkhæfir úr þessum nýja sjóði, einnig þeir bátar og þau skip sem eru skráðir safngripir í söfnum.

Fyrir hönd safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs

Umsögn við tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta – 308. mál

Samband íslenskra sjóminjasafna fagnar *tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Í tillögunni er mælt með að:

- a. *Stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta.*

Í greinargerð er skilmerkilega fjallað um hvernig Alþingi hefur allt frá árinu 2000 reynt að koma varðveislu gamalla báta og skipa í örugga höfn án árangurs þrátt fyrir mikinn stuðning þingheims við það. Nú er sannarlega tímabært að bæta þar úr skák. Þess má geta að fornminjasjóður hefur nú „heimild“ skv. lögum um menningarminjar til að veita styrki til viðhalds skipa og báta. (Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 42. grein). Eiginlegt hlutverk sjóðsins er hins vegar að varðveita fornminjar og styrkja fornleifarannsóknir og þangað hafa nær allir fjármunir sjóðsins farið síðan lögin tóku gildi. Reynslan af núverandi lögum sýnir því að nauðsynlegt er að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sambærilegan húsafriðunarsjóði.

- b. *Sjóðurinn njóti árlega framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.*

Eðlilegt er að ríkissjóður styrki varðveislu eldri báta og skipa eins og annarra atvinnu- og menningarminja í landinu. Sömuleiðis er eðlilegt að starfsgreinar sjávarútvegsins sinni sögu sinni og taki þátt í verkefninu, til dæmis til hálfis á móti ríkissjóði, alveg sérstaklega þegar vel árar.

- c. *Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára í senn og reglur um úthlutanir til verkefna, varðveislugildi o.fl. komi fram í samþykktum sjóðsins.*

Hér er um að ræða gagnlega tillögu sem vert er að útfæra á sem skýrastan hátt.

d. Forsætisráðherra flytji Alþingi tíðindi af framgangi ályktunarinnar fyrir þinglok vorið 2020.

Hér er áréttað að málið þoli ekki frekari bið, varðveisla eldri báta sé í ólestri og hafi verið lengi, og er tekið undir það heils hugar hér.

Í sambandi við þessa tillögu er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbátaskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislunni þessa menningararfs hér á landi.

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Þetta eru alls um 190 bátar, margir í bágu ástandi. Auk þeirra er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við í skrána. Hér er lagt til að það sé gert sem fyrst.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbátaskránni verði unnar flokkaðar skrár til hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðaefni (tré, járn) og fleiri skrár.

Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbátaskrárinni og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Reykjavík 12. mars 2020

Fyrir hönd Sambands íslenskra sjóminjasafna

Helgi Máni Sigurðsson

formaður

helgi.mani.sigurdsson@reykjavik.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. Kormáks Axelssonar

Reykjavík 16. mars 2020

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2003007SA AGB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál

Með tölvupósti 3. mars sl. var komið á framfæri ósk allsherjar- og menntamálanefndar um umsögn sambandsins um ofangreint mál.

Tillagan felur í sér að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum, auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu. Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára. Í greinargerð er rakið að á Alþingi hafi ítrekað verið lagðar fram og jafnvel samþykktar tillögur til að styðja við varðveislu gamalla báta og skipa án þess að þær hafi náð að komast til framkvæmda.

Sambandið tekur undir með flutningsmönnum að það er þörf á að koma upp sérstöku stuðningskerfi til að stuðla að varðveislu skipa og báta sem hafa sess í atvinnu- og menningarsögu þjóðarinnar. Eins og staðan er í dag þá er fornminjasjóður eini opinberri sjóðurinn sem söfn og aðrir áhugamenn um varðveislu skipa og báta geta leitað til eftir fjárhagsstuðningi. Þar sem meginhlutverk sjóðsins er skv. 42. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, eru umsóknir til viðhalds og varðveislu báta og skipa í mjög erfiðri samkeppni við umsóknir til fornleifarannsókna og -varðveislu. Sjóðnum berast tugir umsókna árlega og er aðeins hægt að styrkja brot af þeim verkefnum sem óskað er eftir styrkjum til. Það væri því mikil framför að setja á laggirnar sérstakt stuðningskerfi, eins og þessi tillaga felur í sér, til að stuðla að varðveislu og viðhaldi skipa og báta sem hafa sess í atvinnu- og menningarsögu þjóðarinnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA




Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorragata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Umsögn Síldarminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta sbr. 150. löggjafarþing 2019–2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Síldarminjasafn Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta. Of lengi hafa málefni skipa- og bátavarðveislu verið hornreka í lögum og reglugerðum, sem og styrktarsjóðum, og sannarlega kominn tími til að málið sigli í heila höfn.

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi „að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu. Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára í senn og reglur um úthlutanir til verkefna, varðveislugildi o.fl. komi fram í samþykktum sjóðsins. Forsætisráðherra flytji Alþingi tíðindi af framgangi ályktunarinnar fyrir þinglok vorið 2020.“

Undirrituð tekur undir tillögur þingsályktunarinnar og leggur til að stofnaður verði sérstakur *bátafriðunarsjóður*, sambærilegur húsafriðunarsjóði og fornminjasjóði. Þrátt fyrir að lög um menningarminjar nr. 80/2012 veiti fornminjasjóði heimild til að veita styrki til „minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja“ hefur málaflokkurinn ekki hlotið mikið vægi við úthlutanir síðustu ára. Frá árinu 2013 hafa árlega aðeins eitt til þrjú verkefni er snúa að varðveislu skipa og báta hlotið styrki úr fornminjasjóði, og hafa þær fjárhæðir numið að jafnaði 4,4% af heildarúthlutun. Það er augljóst að málaflokkurinn er hornreka undir fornminjasjóði, sem fyrst og fremst er ætlað að styðja við fornleifarannsóknir og varðveislu jarðfundinna gripa og rannsóknir þeim tengdum, og er því rík ástæða til þess að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sem hafi það markmið að tryggja faglega varðveislu skipa og báta – sér í lagi sé litið til þess að skv. núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru skip og bátar skilgreindar menningarminjar. Þar að auki eru skip og bátar frá því fyrir 1950 skilgreind sem forngrípir.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að unnið verði eftir langtímaáætlun, til fimm ára í senn, og er það vel. Varðveisla skipa og báta er langtímaverkefni og mikilvægt að viðamikil verkefni þar að lútandi geti notið stuðnings yfir lengri tímabil og þannig tryggt framvindu stórra og metnaðarfullra verkefna.

Eins og fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar var árið 2000 lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins nr. 92/1994.

Breytingartillagan fólst í því að sjóðnum yrði gert skylt að „veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa.“ Sama ár var samþykkt þingsályktun um varðveislu báta og skipa þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um varðveislu skipa og báta, skilgreina varðveislugildi þeirra og móta reglur um fjármögnun. Skemmst er frá að segja að nú, tuttugu árum síðar, er málið enn óhreyft og tillögur ríkisstjórnarinnar hafa ekki litið dagsins ljós.

Samkvæmt opinberum gögnum hafa styrkir til bátaverndar numið alls um 200 milljónum króna síðustu tvo áratugin – til samanburðar má nefna að úhlutanir húsfriðunarsjóðs nema um 300 milljónum króna á ári hverju. Á árunum 2000-2012 var að meðaltali veitt 14,4 mkr. til málaflokksins árlega, en á árunum 2013-2019 var sú upphæð að jafnaði 3,1 mkr. á ári. Framlög til bátaverndar hafa því rýrnað um 78% á undanförunum tuttugu árum.

Undirrituð fagnar því að flutningsmenn mælist til að forsætisráðherra flytji þingheimi tíðindi af stöðu mála fyrir þinglok í vor. Málaflokkurinn hefur setið á hakanum of lengi, og þeir sem innan hans starfa sýnt mikla biðlund – en á sama tíma sinnt störfum sínum af metnaði. Söfn, setur, sýningar, áhugamannafélög og einstaklingar hafa sinnt varðveislu báta og skipa af miklum myndarbrag þrátt fyrir lítinn fjárstuðning hins opinbera. Undirrituð bindur því miklar vonir við að þingsályktunartillaga þessu hljóti brautargengi í þinginu – því málefni skipavarðveislu og varðveislu sjóminja almennt, hafa allt of lengi orðið út undan í skilgreiningum á minjavörslu ef svo má að orði komast. Hættan er sú, við óbreytt ástand, að umhverfið verði of letjandi og vegurinn virðist óvinnandi, með þeim afleiðingum að menn og konur missi þrek og bátarnir okkar hverfi einn af öðrum, samtímis því sem við glötum þeirri verðmætu þekkingu sem báta- og skipasmiðir búa yfir – og viðhalda með viðgerðum og endursmíði.

Benda skal á að í janúar 2020 kom út *Fornbátaskrá* Sambands íslenskra sjóminjasafna.

Skráin er aðgengileg á vefnum: <http://batasmidi.is/files/>

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru smíðuð fyrir 1950 og í henni er að finna skilmerkilegar upplýsingar um 190 fornbáta ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs.

Flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar er bent á að varðveisla þekkingar við smíði og viðhald á gömlum bátum er ekki síður mikilvæg – en slík þekking er í raun undirstaða þess að varðveita megi gripina með faglegum hætti. Því leggur undirrituð til að í tillögunni verði nokkrum orðum bætt við um hlutverk sjóðsins:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip sem og þekkingu forns handverks við tréskipasmíði.“

Athygli er vakin á því að Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði hefur undanfarinn áratug staðið fyrir árlegum bátasmíðanámskeiðum fyrir iðnnema, safnmenn og aðra áhugamenn. Síldarminjasafnið hefur það að markmiði að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa hér á landi og eru námskeiðin skipulögð í samræmi við samning safnsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gamli Slippurinn, verkstæði frá árinu 1934, er í eigu Síldarminjasafnsins og er kjörinn vettvangur til kennslu. Þar er að finna gömul verkfæri og trésmíðavélar til bátasmíða. Í góðri samvinnu við iðnskóla og hið opinbera mætti gera enn betur og endurvekja nám í tréskipasmíði og stuðla þannig að viðeigandi menntun ungs fólks með það að markmiði að glata ekki þeirri verðmætu þekkingu sem báta- og skipasmíðir búa að og viðhalda með viðgerðum og endursmíði.

Þá leggur undirrituð að lokum til að flutningsmenn þingsályktunartillögunnar beiti sér jafnframt fyrir því að áhersla verði lögð á að ákvæði 4 gr. safnalaga nr. 141/2011 um ábyrgðarsöfn verði framfylgt með þeim hætti að skipað verði ábyrgðarsafn á sviði sjóminjavörslu í landinu. Slíkt ábyrgðarsafn yrði allri báta- og sjóminjavörslu í landinu til mikils stuðnings.

Siglufirði, 10. mars 2020



Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Umsögn Vitafélagsins-Íslensk strandmenning um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta sbr. 150. löggjafarþing 2019–2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Vitafélagið – Íslensk strandmenning fagnar tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta. Það er löngu tímabært að málefni skipa- og bátavarðveislu verði gaumur gefinn í lögum og reglugerðum, sem og styrktarsjóðum, og sannarlega kominn tími til að þessi mikilvægi þáttur menningararfsins fái þá athygli sem hann á skilið.

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi „að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu. Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára í senn og reglur um úthlutanir til verkefna, varðveislugildi o.fl. komi fram í samþykktum sjóðsins. Forsætisráðherra flytji Alþingi tíðindi af framgangi ályktunarinnar fyrir þinglok vorið 2020.“

Vitafélagið – Íslensk strandmenning tekur undir tillögur þingsályktunarinnar og leggur til að stofnaður verði sérstakur *bátafriðunarsjóður*, sambærilegur húsafriðunarsjóði og fornminjasjóði. Þrátt fyrir að lög um menningarminjar nr. 80/2012 veiti fornminjasjóði heimild til að veita styrki til „minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja“ hefur málaflokkurinn ekki hlotið mikið vægi við úthlutanir síðustu ára. Frá árinu 2013 hafa árlega aðeins eitt til þrjú verkefni er snúa að varðveislu skipa og báta hlotið styrki úr fornminjasjóði, og hafa þær fjárhæðir numið að jafnaði 4,4% af heildarúthlutun. Það er augljóst að málaflokkurinn er hornreka undir fornminjasjóði, sem fyrst og fremst er ætlað að styðja við fornleifarannsóknir og varðveislu jarðfundinna gripa og rannsóknir þeim tengdum, og er því rík ástæða til þess að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sem hafi það markmið að tryggja faglega varðveislu skipa og báta – sér í lagi sé litið til þess að skv. núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru skip og bátar skilgreindar menningarminjar. Þar að auki eru skip og bátar frá því fyrir 1950 skilgreind sem forngríp.

Í þingsályktunartillögum er gert ráð fyrir að unnið verði eftir langtímaáætlun, til fimm ára í senn, og er það vel. Varðveisla skipa og báta er langtímaverkefni og mikilvægt að viðamikil verkefni þar að lútandi geti notið stuðnings yfir lengri tímabil og þannig tryggt framvindu stórra og metnaðarfullra verkefna.

Eins og fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar var árið 2000 lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins nr. 92/1994. Breytingartillagan fólst í því að sjóðnum yrði gert skylt að „veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa.“ Sama ár var samþykkt þingsályktun um varðveislu báta og skipa þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um varðveislu skipa og báta, skilgreina varðveislugildi þeirra og móta reglur um fjármögnun. Skemmst er frá að segja að nú, tuttugu árum síðar, er málið enn óhreyft og tillögur ríkisstjórnarinnar hafa ekki litið dagsins ljós.

Samkvæmt opinberum gögnum hafa styrkir til bátaverndar numið alls um 200 milljónum króna síðustu tvo áratugina – til samanburðar má nefna að úhlutanir húsafriðunarsjóðs nema um 300 milljónum króna á ári hverju. Á árunum 2000-2012 var að meðaltali veitt 14,4 mkr. til málaflokksins árlega, en á árunum 2013-2019 var sú upphæð að jafnaði 3,1 mkr. á ári. Framlög til bátaverndar hafa því rýrnað um 78% á undanförunum tuttugu árum.

Vitafélagið – íslensk strandmenning fagnar því að flutningsmenn mælist til að forsætisráðherra flytji þingheimi tíðindi af stöðu mála fyrir þinglok í vor. Bátar og skip eru einn merkasti menningararfur þessarar þjóðar sem okkur ber skylda til að varðveita og nýta áfram til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar komandi kynslóðum til góða.

Vert er að benda á að á síðustu árum hefur Vitafélagið-íslensk strandmenning, ásamt systurfélögum á Norðurlöndum unnið að því að fá handverkið við smíði súðbyrðings á lista hjá UNESCO yfir menningararfir mannkyns – listann yfir þýðingarmikla starfshætti sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar – hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið. Undir þetta hafa **öll norrænu ríkin** sem og sjálfstjórnarríkin skrifað og verður umsóknin afhent fastanefnd Noregs hjá UNESCO í París 30. mars næstkomandi – sem síðan kemur henni áfram.

Að mati Vitafélagsins – íslensk strandmenning er ekki síður mikilvægt að viðhalda þekkingu á handverki við bátasmíði sem og aðra forna starfshætti. Vakin skal athygli flutningsmanna á því að á Norðurlöndum sinna lýðskólar jafnt og iðnskólar kennslu í smíði súðbyrðings og í Noregi er einnig að finna nám í smíði og sögu súðbyrðings á háskólastigi.

Bent skal á í því samhengi að lýðskólinn á Flateyri væri upplagður til kennslu í smíði súðbyrðings sem og Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði sem hefur undanfarinn áratug staðið fyrir árlegum bátasmíðanámskeiðum fyrir iðnnema, safnmenn og aðra áhugamenn. Síldarminjasafnið hefur það að markmiði að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa hér á landi og eru námskeiðin skipulögð í samræmi við samning safnsins við

mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gamli Slippurinn, verkstæði frá árinu 1934, er í eigu Síldarminjasafnsins og er kjörinn vettvangur til kennslu. Þar er að finna gömul verkfæri og trésmíðavélar til bátasmíða. Í góðri samvinnu við iðnskóla og hið opinbera mætti gera enn betur og endurvekja nám í tréskipasmíði og stuðla þannig að viðeigandi menntun ungs fólks með það að markmiði að glata ekki þeirri verðmætu þekkingu sem báta- og skipasmíðir búa að og viðhalda með viðgerðum og endursmíði.

Í janúar 2020 kom út *Fornbátaskrá* Sambands íslenskra sjóminjasafna.

Skráin er aðgengileg á vefnum <http://batasmidi.is/files/> Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru smíðuð fyrir 1950 og í henni er að finna skilmerkilegar upplýsingar um 190 fornbáta ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs.

Einnig ber að vekja athygli á að á vegum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar var lagður grunnur að skráningu báta og skipa í Evrópuverkefninu Fishernet www.fishernet.is Skráningin var ekki fullunnin þegar verkefninu lauk, en á blað voru komin yfir eitt þúsund skip og bátar.

Hafnarfirði 14. mars 2020





Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2020
Tilvísun: 202003-0001/00.03

Umsögn Þjóðminjasafns Íslands – viðhald og varðveisla gamalla báta - 308. mál

Þjóðminjasafn Íslands lýsir yfir ánægju með *tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta*, sbr. þingskjal 349 - 308. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020.

Í tillögunni er lagt til „að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta“, sem fjármagnaður verður með framlögum úr ríkissjóði og frá sjávarútveginum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi stjórn og hliðstætt varðveislukerfi og hjá húsafríðunarsjóði. Undir þessar hugmyndir er tekið en bent á að varðveisla á skipum og bátum er frábrugðin húsvernd, eðli málsins samkvæmt. Því er mikilvægt er að í stjórn fái sæti fagfólk með þekkingu á eldri bátum og varðveislu þeirra. Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunni virðist eingöngu tekið mið af bátum í eigu minjasafna. Um 175 bátar eru nú í eigu safna, setra og sýninga, sbr. *Fornbátaskrá 2019*, auk 15 friðaðra báta sem eru á skipaskrá. Nauðsynlegt er fyrir söfn að geta sótt styrk í sjóð sem þennan.

Auk báta í söfnum er töluverður fjöldi eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa. Margir af þeim eru ekki á skipaskrá vegna smæðar sinnar og enn á floti, a.m.k. hluta ársins. Sumir þeirra njóta friðunar á grundvelli aldurs, en yfirsýn vantar. Brýnt er að taka saman lista yfir þessa báta og afla sem fyllstra upplýsinga um þá, sérstaklega þá sem eru smíðaðir fyrir 1950. Að mati Þjóðminjasafnsins er mikilvægt að eigendum eldri báta, annarra en safna, verði heimilt að sækja um í bátasjóðinn. Bæði getur verið um að ræða báta sem ekki eru á floti, t.d. Vigur-Breið, elsta bát landsins, og báta sem eru sjóhæfir.

Eitt af markmiðum sjóðsins ætti að vera stuðningur við þá sem leitast við að halda eldri skipum og bátum sínum á floti og í einhverri notkun. Áhersla verði lögð á stuðning við eigendur báta sem ekki hafa möguleika á að standa undir viðgerðarkostnaði án fjárstyrks. Þannig er málum háttað í Skandinavíu, þar sem er áhersla á að styrkja báta sem eru sjófærir eða ætlunin er að gera haffæra. Mjög mikið var um opna trébatá hér á landi, sem víða má enn sjá í höfnum landsins, og ættu þeir að geta notið fjárstuðnings. Nú eru verkfæri til staðar sem komið geta að góðu gagni við vandaða úrvinnslu á umsóknum í bátasjóð, en það eru *Fornbátaskrá 2019* og *Leiðarvísir við mat á varðveislugildi eldri skipa og báta*.

Þá ætti slíkur sjóður að veita styrki til að halda námskeið í bátasmið og bátaviðgerðum og til að sinna rannsóknum og frampróunarverkefnum á sviði bátaarfleiðar á Íslandi.

Virðingarfyllt,

Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður